



# EYJAFJARÐARSVEIT

## AÐALSKIPULAG 2018-2030

### SKIPULAGS- OG MATSLÝSING



**26. OKTÓBER 2016**

**LÝSING Á SKIPULAGSVERKEFNI**

SAMKVÆMT 30. GREIN SKIPULAGSLAGA NR. 123/2010

**MATSLÝSING**

SAMKVÆMT LÖGUM UM UMHVERFISMAT ÁÆTLANA NR. 105/2006



1	Hvað er aðalskipulag og hvað er skipulags- og matslýsing? .....	2
2	Aðdragandi og tilgangur .....	2
3	Viðfangsefni .....	3
4	Áherslur við gerð aðalskipulags .....	4
4.1	Fyrirliggjandi stefna Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 .....	4
4.2	Helstu áherslur og viðfangsefni í endurskoðuðu aðalskipulagi .....	5
5	Tengsl við aðrar áætlanir .....	7
5.1	Landsskipulag .....	7
6	Umhverfismat .....	11
6.1	Efnistöð, áherslur og áhrifapættir .....	12
6.2	Valkostir .....	12
6.1	Umhverfispættir .....	12
6.2	Umhverfisviðmið .....	12
7	Kynning, samráð og ferli .....	13
7.1	Kynning og samráð .....	13
7.1	Skipulagsferli .....	13

## 1 Hvað er aðalskipulag og hvað er skipulags- og matslýsing?

Í aðalskipulagi setur sveitarstjórn fram stefnu sína um landnotkun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi í sveitarfélaginu. Markmið með gerð aðalskipulags, auk almennra markmiða skv. skipulagsreglugerð, eru:

- Að vera vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun sveitarfélagsins.
- Að sýna með skýrum hætti hver stefna sveitarfélags er og stuðla þannig að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna.
- Að miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu.
- Að stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.

Skv. skipulagslögum skal við upphaf vinnu við aðalskipulag taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hefur við aðalskipulagsgerðina, upplýsingar um hvernig staðið verður að endurskoðun aðalskipulags og um hvað hún snýst.

Hlutverk lýsingarinnar er veita upplýsingar um þá fyrirhugaða vinnu og gefa íbúum sveitarfélagsins og öðrum hagsmunaaðilum tækifæri til að koma á framfæri athugasemdum og ábendingum í upphafi vinnunnar. Ábendingar sem berast við lýsinguna verða nýttar til að skilgreina verkefnið frekar. Markmiðið er að með upplýsingum sem berast takist að skilgreina verkefnið á þann hátt að aðalskipulagið taki á öllum þeim helstu þáttum sem skipta máli við framtíðarþróun sveitarfélagsins Eyjafjarðarsveitar.

Með þessari skipulags- og matslýsingu er verkefnið því kynnt til þess að auðvelda íbúum og öðrum sem hagsmuna eiga að gæta að taka þátt í mótun endurskoðunarinnar og koma athugasemdum á framfæri. Lýsing þessi er unnin í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006.

## 2 Aðdragandi og tilgangur

Gildandi Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar 2005-2025 var samþykkt 11. nóvember 2007, en síðan þá hafa verið gerðar fjölmargar breytingar á gildandi aðalskipulagi.

Í skipulagslögum nr. 123/2010 er m.a. fjallað um skyldu sveitarstjórnar til að taka afstöðu til þess hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulag að loknum kosningum til sveitarstjórna. Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur ákveðið að endurskoða aðalskipulag sveitarfélagsins og eru rökin fyrir því m.a. eftirfarandi:

- Þar sem um áratugur er liðinn frá því aðalskipulagið öðlaðist gildi er talið rétt að fara yfir þá stefnu sem mótuð hefur verið um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál í sveitarfélaginu.

- Landsskipulagsstefna 2015-2026 hefur nýlega öðlast gildi sem og Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012-2024 en stefnur þessar voru ekki í gildi við vinnslu gildandi aðalskipulags. Við gerð aðalskipulags ber að taka mið af stefnu svæðisskipulags og landsskipulagsstefnu.
- Frá því að gildandi aðalskipulag var staðfest hafa ný skipulagslög nr. 123/2010 verið samþykkt og gefin hefur verið út ný skipulagsreglugerð nr. 90/2013 á grunni nýju laganna. Þetta mun valda því að í endurskoðuðu aðalskipulagi verða nokkrar breytingar á efnistöfum og framsetningu frá því sem er í Aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025. Þá fellur gerð aðalskipulags undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 þar sem kveðið er á um að umhverfisáhrif aðalskipulagsins séu metin.

Skipulagsnefnd Eyjafjarðarsveitar hefur umsjón með endurskoðun aðalskipulags í umboði og undir yfirstjórn sveitarstjórnar skv. skipulagslögum.

Landslag ehf. er skipulagsráðgjafi sveitarfélagsins við endurskoðun aðalskipulags.

### 3 Viðfangsefni

Aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar nær til alls lands sveitarfélagsins og er það í samræmi við 1. mgr. 28. gr. skipulagslaga sem segir að aðalskipulag sé skipulagsáætlun fyrir eitt sveitarfélag og skuli taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins<sup>1</sup>.

Gildandi aðalskipulag náði til 20 ára tímabils en skv. skipulagslögum skal í aðalskipulagi skal marka stefnu til a.m.k. tólf ára. Aðalskipulag nágrannasveitarfélaga í Eyjafirði og Svæðisskipulag Eyjafjarðar 2012-2024 ná öll til 12 ára tímabils og því var ákveðið að tímabil aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar yrði einnig til 12 ára og mun aðalskipulagið því hafa gildistíma 2018-2030.

Vinna við aðalskipulag er vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa og aðra hagsmunaaðila um viðfangsefni sem snú að þróun sveitarfélagsins til lengri tíma. Aðalskipulag felur í sér framtíðarsýn og markvissa ákvörðun um hvert sveitarfélagið vill stefna og hvernig settum markmiðum verður náð.

Í vinnu við aðalskipulag verða settar fram forsendur, markmið og skipulagsáherslur, ásamt stefnu um framtíðaruppbyggingu í sveitarfélaginu. Lögð verður áhersla á að aðalskipulagið feli í sér skýr markmið, en verði þó sveigjanlegt á þann hátt að hægt verður að einhverju leyti að útfæra leiðir að mismunandi markmiðum.

Endurskoðun Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2018 – 2030 verður stefnumarkandi áætlun um þróun sveitarfélagsins til næstu 12 ára. Skipulaginu er ætlað að stuðla að hagkvæmri og skynsamlegri nýtingu lands, móta stefnu um þróun byggðar og landnotkunar og leggja mat á helstu áhrif skipulags

---

<sup>1</sup> Við endurskoðun aðalskipulagsins eru mörk skipulagsins 115 m utan við stórstraumsfjörumörk og er það í samræmi við skilgreiningu staðarmarka sveitarfélaga í sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 og jarðalögum nr. 81/2004.

á umhverfið og samfélag. Unnin var mikil forvinna við gerð Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2005 - 2025 og mun sú vinna nýtast við endurskoðun aðalskipulags.

## 4 Áherslur við gerð aðalskipulags

### 4.1 Fyrirliggjandi stefna Aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar 2005-2025

Stefnumörkun gildandi aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar til ársins 2025 nær til atriða á sviði sveitarstjórnarmála sem varða skipulagsmál og ýmis önnur málefni sem áhrif hafa á þróun byggðar í sveitarfélaginu. Meginþættir aðalskipulagsins ná til landnotkunar, samgöngukerfa og umhverfismála svo og verndunar og öryggismála.

Stefnumörkun gildandi aðalskipulags er sett fram í tveimur hlutum. Fyrri hlutinn hefur að geyma grundvallarviðmið og leiðarljós í þróun og starfsemi Eyjafjarðarsveitar sem eru eftirfarandi:

#### Hlutverk

- Eyjafjarðarsveit er fjölskylduvænt samfélag sem byggir á og styður grunnatvinnuvegina og nýsköpun með fjölbreytilegum möguleikum til búsetu, öfluglu félags-, skóla-, og menningarstarfi sem laðar til sín íbúa og viðheldur samfélagi af arðbærri stærð.

#### Framtíðarsýn

- Eyjafjarðarsveit er blandað samfélag sem þekkt á að verða fyrir umhverfisvæna landnýtingu, góð búsetuskilyrði og margvíslega starfsemi.
- Eyjafjarðarsveit skal sameina kosti dreifbýlis og þéttbýlis.
- Eyjafjarðarsveit verði til fyrirmyndar í sambýli við náttúruna og þekkt fyrir hreinleika, hollustu, útilíf og afbragðs uppeldisaðstæður.
- Samgöngur verði eins og best gerist og fjölbreytni í þjónustu og mannlífi á að draga að fólk til skemmri og lengri tíma.

#### Lykiláherslur

Eyjafjarðarsveit leitast ávallt við:

- Að vera fjölskylduvænt samfélag í fögru umhverfi þar sem áhersla er lögð á góð menntunarskilyrði með manngildisstefnu í fyrirrúmi.
- Að bjóða fjölbreytta búsetukosti og öflugt atvinnulíf.
- Að bjóða góða samfélagslega þjónustu og félagslegt öryggi.
- Að bjóða upp á góða íþróttaaðstöðu ásamt góðum útivistar- og tómstundamöguleikum.
- Að bjóða aðstöðu fyrir blómlegt menningarlíf, þ.á m. leiksýningar, tónlistarviðburði, handverkssýningar, söfn og leiðsögn um minjar.
- Að bjóða umhverfi með góðum samgöngum og öflugum fjarskiptum.
- Að treysta stöðu sína í takt við umhverfisstefnu með áherslu á sjálfbæra þróun.

#### Einkunnarorð

- Þar sem þú ert velkomin(n).

- Allt til alls.
- Staður fjölskyldunnar.
- Þar sem börnin njóta sín.

Seinni hluti stefnuskjalsins hefur að geyma viðmið og leiðbeiningar í málaflokkum og þjónustu á vegum Eyjafjarðarsveitar sem sett eru fram sem þjónustuheit, þjónustulýsing og árangursmarkmið. Þessara atriða er getið þar sem fjallað um viðkomandi málaflokk

#### **4.2 Helstu áherslur og viðfangsefni í endurskoðuðu aðalskipulagi**

Samkvæmt grein 4.3.1. í skipulagsreglugerð skal marka stefnu um eftirfarandi viðfangsefni í aðalskipulagi:

- Athafna- og iðnaðarstarfsemi.
- Blöndun íbúða við aðra landnotkun.
- Efnistaka, efnislosun og urðun úrgangs.
- Íbúápróun, íbúasamsetning, íbúðarhúsnæði, íbúðarbyggð.
- Landbúnaðarsvæði, þ.m.t. ferðaþjónusta og önnur atvinnustarfsemi sem tengist búrekstrinum.
- Samræmi stefnu aðalskipulags við landsskipulagsstefnu.
- Opin svæði, útivistarsvæði og aðstaða til íþróttaiðkana,
- Samgöngur, vegir og stígar.
- Hvernig stefna aðalskipulags styður við markmið skipulagslaga og sjónarmið um sjálfbæra þróun í sveitarfélaginu, sérstaklega hvað varðar búsetumynstur, samgöngur og auðlindanýtingu.
- Skógrækt, landgræðsla og endurheimt votlends.
- Hvernig farið skuli með stakar skipulagsskyldar framkvæmdir sem ekki er talin þörf á að afmarka sérstaka landnotkun fyrir, enda sé um að ræða framkvæmdir sem ekki eru taldar líklegar til að valda verulegum áhrifum á umhverfið.
- Varúðarsvæði og náttúruvá.
- Veitur og fjarskipti.
- Hvernig skipulagið hefur verið samræmt gildandi verndar- og orkunýtingaráætlun, sbr. lög um verndar- og orkunýtingaráætlun.
- Vernd vatns, náttúru- og menningarminja.
- Verslun og önnur þjónusta. Þróun miðbæjarstarfsemi, nærþjónustu og annarrar verslunar- og þjónustustarfsemi, þ.m.t. skóla, menningarstarfsemi og ferðamannþjónustu og megináhrifaþætti á miðbæjarstarfsemi.
- Þróun þéttbýlis, helstu einkenni einstakra þéttbýlisstaða, samspili þeirra og hlutverkaskiptingu.

Í vinnu við endurskoðun aðalskipulags verður farið yfir hvaða viðfangsefni í sveitarfélaginu kalla á sérstaka yfirferð og endurskoðun. Á þessum fyrstu stigum skipulagsvinnunnar hefur skipulagsnefnd tilgreint nokkur atriði til yfirferðar og eru þessi atriði þau sem sérstaklega hafa komið upp í umfjöllun nefndarinnar við ýmiss skipulagsmál undanfarin ár. Ákvörðun um nánari viðfangsefi aðalskipulagsins verður ákveðin eftir frekara mat á þeirri þróun sem orðið hefur síðan gildandi skipulag öðlaðist gildi auk þess sem athugasemdir og ábendingar við skipulagslýsingu verða nýttar við val á viðfangsefnum.

### Íbúáþróun

Rýndar verða forsendur íbúáþróunar sem kallað geta á breytingar frá gildandi aðalskipulagi. Íbúafjöldi hefur haldist nokkuð stöðugur síðustu árin í sveitarfélaginu en þó verið nokkuð hæg en stöðug fjölgun. Íbúafjöldi í sveitarfélaginu hefur aukist um 5,5 % undanfarin áratug en breyting á milli mismunandi aldurshópa er áhugaverð.

Ár	Árið 2006	Árið 2016	Breyting í %
Heildarfjöldi íbúa	981	1.035	+5,5 %
0-14 ára	248	212	-14,5 %
15-64 ára	640	677	+5,8 %
65 ára og eldri	93	146	+57,0 %

Á þessu má sjá að umtalsverð fækkun barna er í sveitarfélaginu en veruleg fjölgun þeirra sem eru 65 ára og eldri. Sé rýnt nánar í tölurnar má sjá að fjölgunin er mest hjá þeim sem eru 65-69 ára. Mögulegt er að bregðast þurfi við mikilli fjölgun eldir borgara með aukinni þjónustu og þá þarf að velta upp hvar æskilegast sé að slík þjónusta byggist upp. Stöðug fækkun barna á grunnskólaaldri undanfarin ár er áhyggjuefni en möguleg ástæða fyrir þeirri þróun er skortur á húsanæði sem hentar ungunum barnafjölskyldum í sveitarfélaginu.

Þessa íbúáþróun þarf að rýna betur og skoða til hvaða aðgerða þarf að grípa til þar sem íbúáþróun er ein af lykilforsendum fyrir uppbyggingu innan sveitarfélaga. Breyttar forsendur hafa m.a. áhrif á þörf fyrir fjölbreytt húsnæði og ýmiskonar þjónustu.

### Landnotkun í dreifbýli

Skoða þarf hvort breytingar á búskaparháttum og búsetu kalli á breytta landnotkun í dreifbýli.

Samspil núverandi starfsemi við nýja, m.a. að tryggja svigrúm núverandi starfsemi til að þróast, en jafnframt að skapa aðstæður til nýrrar uppbyggingar.

Samstilling atvinnugreina og sátt þar á milli um uppbyggingu sem byggð er á auðlindum svæðisins, þar með talið ferðaþjónusta og landbúnaður.

### Atvinnuhúsnæði og athafnasvæði

Skortur virðist vera á atvinnuhúsnæði innan sveitarfélagsins og þarf að skoða hvaða möguleikar eru fyrir athafnasvæði og iðnaðarsvæði, sér í lagi í nánd við Hrafnagilshverfi.

Einnig þarf að huga að framtíðaskipan við móttöku úrgangs.

## **Samgöngumál**

Breyttar áherslur í samgöngumálum þar sem aukin áhersla virðist vera á að bæta aðstöðu gangandi og hjólandi vegfarenda innan sveitarfélagsins og tenging við aðliggjandi sveitarfélög.

Einnig þarf að rýna í samráði við Vegagerðina mögulega færslu á þjóðvegi í gegnum Hrafnagilshverfi og hvort gert sé ráð fyrir að færsla þessi verði á skipulagstímabilinu, fyrir árið 2030.

## **Fjöldi ferðamanna**

Nýjar áskoranir og breyttar forsendur frá því gildandi aðalskipulag öðlaðist gildi eru m.a. mikil aukning í fjölda ferðamanna til landsins og þar með til Eyjafjarðar. Skoða þarf hvaða áhrif þetta hefur haft á sveitarfélagið og hvort bregðast þurfi sérstaklega við þessari þróun innan sveitarfélagsins, m.a. hvað varðar móttöku og aðstöðu fyrir ferðamenn.

Marka þarf stefnu um áherslur við uppbyggingu ferðaþjónustu, til að mynda hvort gera eigi ráð fyrir byggingu stærri hótélbygginga og gististaða og hvort leggja eigi áherslu á sérstöðu sveitarfélagsins sem landbúnaðarsamfélags og tengingu við sveit og náttúru.

## **Veitur og virkjanir**

Setja þarf fram stefnumörkun fyrir smávirkjanir vatnaafli í sveitarfélaginu og annarra virkjanakosta og orkumannvirkja, þar sem meðal annars verði tekin afstaða til sjónarmiða um sjálfbærni, náttúruvernd og atvinnuþróun.

Setja þarf fram stefnumörkun fyrir vindmyllur í sveitarfélaginu, bæði litlar vinmyllur á hverri jörð og einnig „vindmyllugarða“ orkufyrirtækja.

Yfirfara þarf hvaða ákvæði skuli vera varðandi háspennulínur innan sveitarfélagsins og hvort gert sé ráð fyrir að þær verði í lofti eða lagðar í jörð.

## **Fjarlægðarmörk**

Rýna þarf fjarlægðarmörk íbúðar- og frístundabygginga frá öðrum byggingum innan sömu jarða, aðliggjandi jarða og að jarðamörkum. Núverandi reglur eiga m.a. aðeins við íbúðar- og frístundabyggingar en ekki aðrar byggingar. Einnig þarf að yfirfara fjarlægðarmörk á milli svæða fyrir íbúðar- og frístundabyggð ásamt fjarlægð slíkra svæða frá öðrum byggingum og jarðamörkum.

## **5 Tengsl við aðrar áætlanir**

### **5.1 Landsskipulag**

#### **Landsskipulagsstefna 2015-2026**

Landsskipulagsstefna felur í sér stefnu ríkisins í skipulagsmálum og almenn sjónarmið til leiðbeiningar við skipulagsgerð sveitarfélaga. Í landsskipulagsstefnu eru settar fram áherslur um skipulagsmál sem varða almannahagsmuni og byggðapróun og landnotkun á landsvísu.

Í landsskipulagsstefnu er mörkuð stefna um skipulagsmál sem er ætlað að tryggja heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana sveitarfélaga og stuðla að sjálfbærri þróun og skilvirkri áætlanagerð.



Einnig á landsskipulagsstefna að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um nýtingu lands.

Landsskipulagsstefna er unnin á grundvelli skipulagslaga. Umhverfis- og auðlindaráðherra ber að leggja fram á Alþingi tillögu til þingsályktunar um landsskipulagsstefnu til 12 ára innan tveggja ára frá alþingiskosningum. Ráðherra felur Skipulagsstofnun gerð tillögu að landsskipulagsstefnu.

Landsskipulagsstefna 2015–2026 felur í sér stefnu um fjögur viðfangsefni sem sjá má hér að neðan auk auk megináherslna fyrir hvert viðfangsefni:

- Skipulag á miðhálandi Íslands
  - Staðin verði vörður um náttúru og landslag miðhálandisins vegna náttúruverndargildis og mikilvægis fyrir útivist. Uppbygging innviða á miðhálandinu taki mið af sérstöðu þess.
- Skipulag í dreifbýli
  - Skipulag í dreifbýli gefi kost á fjölbreyttri nýtingu lands, svo sem ræktunar, ferðapjónustu og útivistar, í sátt við náttúru og landslag.
- Búsetumynstur og dreifingu byggðar
  - Þróun þéttbýlis og fyrirkomulag byggðar stuðli að sjálfbærni með áherslu á gæði í hinu byggða umhverfi og markvissu og samþættu skipulagi byggðar og samgangna.
- Skipulag á haf- og strandsvæðum
  - Skipulag haf- og strandsvæða veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu um leið og viðheldið verði mikilvægum auðlindum hafsvæða við ísland.

Í landsskipulagsstefnu eru eftirfarandi leiðarljós lögð til grundvallar auk markmiða skipulagslaga:

- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að sjálfbærri þróun.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar sé sveigjanlegt og stuðli að seiglu gagnvart samfélags- og umhverfisbreytingum.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar stuðli að lífsgæðum fólks.
- Að skipulag byggðar og landnotkunar styðji samkeppnishæfni landsins alls og einstakra landshluta.

### **Svæðisskipulag Eyjafjarðar**

Skipulagslög nr. 123/2010 skilgreina svæðisskipulag sem skipulagsáætlun tveggja eða fleiri sveitarfélaga þar sem sett er fram sameiginleg stefna þeirra um byggðapróun og þá þætti landnotkunar sem þörf er talin á að samræma vegna sameiginlegra hagsmuna hlutaðeigandi sveitarfélaga. Staðbundnar ákvarðanir um landnotkun skulu eingöngu teknar í svæðisskipulagi að því marki sem nauðsyn þykir til að tryggja sameiginlega hagsmuni hlutaðeigandi sveitarfélaga, til að útfæra landsskipulagsstefnu á hlutaðeigandi svæði eða vegna nauðsynlegrar samræmingar landnotkunar í fleiri en einu sveitarfélagi.

Í inngangi Svæðisskipulags Eyjafjarðar 2012 – 2024 segir að í skipulagsáætluninni, efnisflokkum hennar og framsetningu sé leitast við að skýra megináherslur í hverjum málaflokki með tiltölulega

knöppum en skýrum texta án þröngrar afmörkunar á kortum eða uppdráttum. Með það í huga beri að líta á áætlunina sem leiðarljós í þeim efnisflokkum sem teknir eru til umfjöllunar.

Byggingarsvæði eru ekki skilgreind á skipulagsuppdrætti svæðisskipulagsins, en sett eru fram almenn markmið um byggðamynstur. Þar er m.a. lögð áhersla á að ný íbúðarbyggð tengist beint þeirri byggð sem fyrir er. Íbúðarbyggð í dreifbýli, smábýli og búgarðabyggð verði skilgreind í aðalskipulagi sveitarfélaga þar sem aðstæður leyfa m.t.t. náttúruverndar, nýtingar landbúnaðarlands og rekstrarþátta sveitarfélagsins. Leggja skal áherslu á hagkvæmt byggðamynstur sem dregur úr þörf fyrir bílaumferð og bætir forsendur fyrir almenningssamgöngur svo og gangandi og hjólandi vegfarendur. Taka skal mið af markmiðum um varðveislu góðs landbúnaðarlands við staðarval og skipulag byggðar. Gæta skal umhverfissjónarmiða og leitast við eftir því sem kostur er að tryggja góðar samgöngur og hagkvæman rekstur þjónustukerfa. Gert er ráð fyrir framtíðarvexti Akureyrar út með vesturströnd Eyjafjarðar og skal taka mið af því við skipulag og uppbyggingu á svæðinu. Aðeins er fjallað um tvö iðnaðarsvæði í svæðisskipulaginu, á Árskógssandi og Dysnesi. Efnistöku skal haga þannig að neikvæð áhrif hennar á náttúrufer, landslag og lífsgæði verði í lágmarki. Náttúruminum, landslagi og útivistarsvæðum, sem eru mikilvæg vegna lífríkis, jarðmyndana, yfirbragðs landsins eða útivistargildis, skal forðast að raska með efnistöku.

Þegar kemur að samgöngum er ekki fjallað um útfærslu eða nákvæma staðsetningu stofnbrauta, en áhersla er lögð á góðar og öruggar vegasamgöngur innan svæðis og við aðra landshluta. Göngu- og hjólaleiðir verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Reiðleiðir (stofnleiðir) verði milli sveitarfélaganna á skipulagssvæðinu, þar sem kostur er, auk tenginga við nærliggjandi héruð. Samræmingar verði gætt í aðalskipulagi sveitarfélaganna. Ekki er fjallað um einstakar hafnir í þéttbýli, en stefnt er að því að í Eyjafirði verði áfram öflugar hafnir sem þjóna þörfum svæðisins. Áframhaldandi uppbygging á hafnarsvæðum þéttbýlisstaðanna verður í samræmi við aðalskipulag og deiliskipulag hvers sveitarfélags, óháð svæðisskipulagi. Fjallað er um Akureyrarflugvöll og að tryggja skuli stöðu hans sem millilandaflugvallar og miðstöðvar flugsamgangna á Norðurlandi, þar sem Akureyrarflugvöllur gegnir mikilvægu hlutverki sem miðstöð flugsamgangna á Norðurlandi. Það á bæði við um innanlandsflug, sem tryggir Eyjafjarðarsvæðinu góðar samgöngur við höfuðborgina, og millilandaflug, sem m.a. felur í sér sóknarfæri í atvinnulífi svæðisins s.s. í ferðaþjónustu.

Vísað er í stefnumótun á landsvísu um flutningsleiðir raforku, en línur með 132 kV og hærri spennu verði skilgreindar í breytingu á Svæðisskipulagi Eyjafjarðar. Vatnsverndarsvæði eru sýnd á uppdrætti, en nokkur fjarsvæði vatnsbóla ná yfir sveitarfélagamörk. Ákvæði svæðisskipulagsins eiga við heildarafmörkun vatnsverndar (með fjarsvæðum, grannsvæðum og brunnsvæðum), en vísað í aðal- eða deiliskipulagi viðkomandi sveitarfélaga varðandi afmörkun grannsvæða og brunnsvæða. Stefnt skal að því að gæði sjávar við strendur Eyjafjarðar verði í hæsta flokki (flokkur A) miðað við ákvæði reglugerða, og ár og vötn verði í flokki A (ósnotið vatn) miðað við flokkun reglugerðar. Eyjafjörður verði skilgreindur sem „síður viðkvæmur viðtaki“ fráveitu, en Pollurinn innan Oddeyrartanga verði skilgreindur sem „viðkvæmur viðtaki“. Flokkun sjávar sem viðtaka skólps er sýnd á uppdrætti. Loks er fjallað um meðhöndlun úrgangs, sveitarfélögin skuli efla sameiginlegan

vettvang úrgangsmeðhöndlunar með hagkvæmni og umhverfisvernd að leiðarljósi og leitast við að samræma vinnubrögð og rekstur á því sviði. Í svæðisáætlun um meðhöndlun úrgangs fyrir Eyjafjarðarsvæðið skulu vera ákvæði um alla þætti úrgangsmeðhöndlunar, auk ákvæða um ráðstafanir til að lágmarka magn úrgangs til förgunar.

### **Samgönguáætlun og vegáætlun**

Samgönguáætlun er til 12 ára og tekur til fjáröflunar og útgjalda til allra greina samgangna, þ.e. flugmála, vegamála og siglingamála, þ.m.t. almenningsamgangna, hafnamála, sjóvarna, öryggismála og umhverfismála samgöngugreina. Þar skal skilgreina það grunnkerfi sem ætlað er að bera meginþunga samgangna og gera skal grein fyrir ástandi og horfum í samgöngum í landinu. Við gerð samgönguáætlunar skal m.a. byggja á þeim meginmarkmiðum að samgöngur séu greiðar, hagkvæmar, öruggar og umhverfislega sjálfbærar auk þess sem þær stuðli að jákvæðri byggðaðróun og dragi úr þörf fyrir einkabílinn. Í samgönguáætlun fyrir árin 2011 - 2022 er m.a. áhersla á að almenningsamgöngur um allt land stórefldar og fólki auðveldað að komast leiðar sinnar gangandi eða á reiðhjóli. Unnið er að nýrri samgönguáætlun fyrir árin 2015-2026.

Í samgönguáætlun til 4 ára skal gerð grein fyrir fjáröflun til vegamála og útgjöld sundurliðuð á einstakar framkvæmdir, rekstur, þjónustu og viðhald eftir því sem við á í samræmi við uppsetningu samgönguáætlunar.

### **Náttúruverndaráætlun**

Umhverfisráðherra skal leggja fram náttúruverndaráætlun eigi sjaldnar en á 5 ára fresti. Í náttúruverndaráætlun skulu vera sem gleggstar upplýsingar um náttúruminjar, þ.e. náttúruverndarsvæði og lífverur, búsvæði þeirra, vistgerðir og vistkerfi, sem ástæða þykir til að friðlýsa. Skal í áætluninni lýst sérkennum minjanna og þýðingu þeirra í náttúru landsins.

Áætlunin skal m.a. taka til helstu tegunda vistgerða og vistkerfa hér á landi, svo og jarðmyndana. Við gerð hennar skal m.a. taka tillit til menningarlegrar og sögulegrar arfleifðar, nauðsynjar á endurheimt vistgerða, nýtingar mannsins á náttúrunni og ósnortinna víðerna. Í náttúruverndaráætlun 2009 - 2013 er kveðið á um að unnið skuli að friðlýsingu 13 svæða til þess að stuðla að traustri verndun íslenskrar náttúru og framkvæmd alþjóðlegra samninga um náttúruvernd hér á landi. Tilgangurinn er að koma upp neti verndarsvæða til þess að tryggja verndun landslags, náttúru og líffræðilegrar fjölbreytni, þess sem sérstætt er í náttúru landsins, fágætt eða í hættu og að friða náttúruleg landsvæði til náttúruverndar, vísindarannsókna, vöktunar og útivistar.

### **Kerfisáætlun**

Í raforkulögum er kveðið á um að flutningsfyrirtæki raforku skuli árlega leggja fyrir Orkustofnun til samþykktar kerfisáætlun um uppbyggingu flutningskerfisins, sem felir í sér 10 ára langtímaáætlun og framkvæmdaáætlun sem tekur til næstu þriggja ára. Landsnet hefur birt drög að kerfisáætlun til árána 2015-2024. Þar er að finna yfirlit yfir áætlaða þróun notkunar og framleiðslu raforku tengdri flutningskerfinu auk þeirrar uppbyggingar sem ráðgerð er í flutningskerfinu til næstu ára. Einnig er

gerð grein fyrir helstu eiginleikum flutningskerfisins, svo sem aflgetu, áreiðanleika, töpum, styrkleika á afhendingarstöðum, líkum á aflskorti og helstu takmörkunum flutningskerfisins. Meginvalkostum flutningskerfisins er skipt upp í tvo meginvalkosti, Hálendisleið með tengingu yfir hálendið, þ.e. milli Suður- og Norðausturlands, og Byggðaleið, sem felur í sér byggingu nýrra 220 kV lína meðfram núverandi byggðalínu að stærstum hluta. Innan beggja eru nokkrir undirvalkostir.

Norðurland og Norðausturland eru sögð einkennast af löngum 132 kV línum sem mynda hluta af byggðalínunni. Flutningsgeta þessara lína er talin lítil. Svæðisflutningskerfi Norðausturlands er nokkuð umfangsmikið 66 kV kerfi og liggur út frá Rangárvöllum á Akureyri allt norðaustur á Kópasker og þaðan tengist Laxárvirkjun flutningskerfinu. Einnig liggur 66 kV lína frá Rangárvöllum til Dalvíkur. Niðurstöður sýna að mikil þörf er á því að styrkja tengingu Norðurlands og Suðurlands. Tvær flutningslínur þarf frá vinnslueiningu á Norðausturlandi þar sem núverandi 132 kV flutningskerfi er mjög veikt og getur ekki flutt mikið umfram afl.

### **Áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða**

Markmið verndar- og orkunýtingaráætlunar er að tryggja að nýting landsvæða þar sem er að finna virkjunarkosti byggist á langtímasjónarmiðum og heildstæðu hagsmunamati þar sem tekið er tillit til verndargildis náttúru og menningarsögulegra minja, hagkvæmni og arðsemi ólíkra nýtingarkosta og annarra gilda sem varða þjóðarhag, svo og hagsmuna þeirra sem nýta þessi sömu gæði, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi. Í áætluninni eru virkjanakostir flokkaðir í þrjá flokka; nýtingarflokk, biðflokk og verndarflokk. Flokkunin byggir á tillögum í skýrslu verkefnisstjórnar um rammaáætlun um nýtingu vatnsafls og jarðvarma. Í verndarflokk verndar- og nýtingaráætlunar ættu að falla virkjunarhugmyndir sem ekki væri talið rétt að ráðast í og landsvæði sem ástæða væri talin til að friðlýsa gagnvart orkuvinnslu. Í nýtingarflokk færu virkjunarhugmyndir sem talið væri að ráðast mætti í að uppfylltum öðrum skilyrðum. Í biðflokk féllu virkjunarhugmyndir sem talið væri að þyrftu frekari skoðunar með betri upplýsingum svo meta mætti hvort þær ættu að raðast í nýtingarflokk eða verndarflokk.

### **Áætlanir sveitarfélagsins**

Ýmsar áætlanir sveitarfélagsins snerta gerð aðalskipulags og verða þær hafðar til hliðsjónar við endurskoðunina.

## **6 Umhverfismat**

Þar sem gerð aðalskipulags fellur undir lög nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana verður unnin umhverfisskýrsla sem verður hluti greinargerðar aðalskipulags

Umhverfisskýrslan verður unnin í samræmi við lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 sem og leiðbeiningar Skipulagsstofnunar sama efnis. Við umhverfismat verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnástand umhverfis.

### **6.1 Efnistöð, áherslur og áhrifaþættir**

Umhverfisskýrsla verður liður greinagerðar aðalskipulagsins en þar verður gerð grein fyrir mögulegum umhverfisáhrifum aðalskipulags. Matsvinnunni er ætlað að styrkja umfjöllun um forsendur og tryggja að við ákvörðun um landnotkun verði litið til umhverfissjónarmiða.

Megin áhrifaþættir snúa að meginviðfangsefnum aðalskipulagsins en aðrir þættir verða skoðaðir eftir því sem tilefni er til í skipulagsvinnunni. Teknar verða til umhverfismats helstu breytingar á stefnu gildandi skipulags. Ekki er gert ráð fyrir mati á hverri breytingu á landnotkun fyrir sig enda verður að nokkru leyti óljóst hvort um stefnubreytingu er að ræða, einfaldlega vegna þess að ný skipulagslög og reglugerð kveða á um nokkru ítarlegri stefnumótun en áður var gert. Dregin verða fram markmið sem víkja markvert frá gildandi skipulagi og sýnt hvernig ólíkir valkostir snerta umhverfisþættina.

Að teknu tilliti til umfangs og eðlis áhrifa verður greint frá heildaráhrifum í umhverfisskýrslunni.

### **6.2 Valkostir**

Markmið matsvinnu er að fá fram upplýsingar um möguleg umhverfisáhrif mismunandi valkosta er snerta m.a. atvinnu, íbúðarbyggð, auðlindir, samgöngur og veitur og samfélag. Umræður og upplýsingar sem koma fram í matinu kunna að hafa áhrif á val valkosta. Markmiðið með matsvinnunni er m.a. að skilgreina, að teknu tilliti til umhverfisáhrifa og leggja til mótvægisáðgerðir, rannsóknir og vöktun sé þess talin þörf.

#### **6.1 Umhverfisþættir**

Umhverfisþættir eru þeir þættir sem sjónum er beint að við umhverfismat aðalskipulags þar sem þeir eru taldir geta orðið fyrir áhrifum af þeim ákvörðunum sem teknar eru í aðalskipulagi.

Mögulegir umhverfisþættir sem í aðalskipulagi verða metnir m.t.t. umhverfisáhrifa:

- Auðlindir
- Náttúrufar og vistkerfi
- Verndarsvæði og minjar
- Samfélag
- Heilsa og öryggi
- Samfélagsleg og hagræn áhrif
- Náttúruvá

#### **6.2 Umhverfisviðmið**

Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem stefnumið aðalskipulagsins hefur í för með sér.

Umhverfisviðmið geta verið af ýmsum toga og m.a. byggt á stefnu stjórnvalda eða bæjarstjórnar, tilmælum laga og reglugerða og upplýsingum um málaflokka aðalskipulagsins. Við val og skilgreiningu á umhverfisviðmiðum og við mat á vægi og áhrifum verður notast við fjöldamörg gögn, svo sem lög og reglugerðir, Svæðisskipulag Eyjafjarðar, Landsskipulagsstefnu, náttúruminjaskrá, náttúruverndaráætlun, leiðbeiningar Skipulagsstofnunar um umhverfisviðmið auk fleiri gagna.

## **7 Kynning, samráð og ferli**

### **7.1 Kynning og samráð**

Samráð og kynning fyrir almenning og helstu umsagnaraðila verða í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 og lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Í tengslum við vinnu við aðalskipulag verður haft samráð eða samband við þær stofnanir og hagsmunaaðila sem tengjast vinnu við aðalskipulag.

Sérstaklega verður óskað eftir umsögnum eftirtalinna aðila við lýsingu þessa, drög að skipulagstillögu og matsskýrslu ásamt skipulagstillögunni.

- *Skipulagsstofnun*
- *Umhverfisstofnun*
- *Samgöngustofa/Vegagerðin*
- *Minjastofnun Íslands*
- *Heilbrigðiseftirlit Norðurlands eystra*
- *Vegagerðin*
- *Veiðimálastofnun/Fiskistofa*
- *Landsnet*
- *Aðliggjandi sveitarfélög*
- *Viðeigandi nefndir Eyjafjarðarsveitar*
- *Svæðisskipulagsnefnd Eyjafjarðar*

Gert er ráð fyrir að lýsing þessi verði kynnt almenningi og mun hún liggja frammi á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar og vera aðgengileg á heimasíðu sveitarfélagsins: [www.esveit.is](http://www.esveit.is)

### **7.1 Skipulagsferli**

#### **Mögulegur tímarammi vinnu við aðalskipulag:**

*Sept. – okt. 2016* Skipulags- og matslýsing unnin og samþykkt, send umsagnaðilum og kynnt íbúum og öðrum hagsmunaaðilum.

#### **Mótum stefnu aðalskipulags**

*Sept. – nóv. 2016* Gagnaöflun, greining forsenda og önnur grunnvinna aðalskipulags.

*Nóv. – mars 2017* Mótun tillögu að aðalskipulagi. Unnið að stefnumótun og mótun skipulagskosta fyrir aðalskipulag Eyjafjarðarsveitar í samstarfi við skipulagsnefnd. Athugasemdir við skipulags- og matslýsingu nýttar við mótun stefnu.

Íbúafundur þar sem frumdrög og áherslur aðalskipulagsins eru kynnt og óskað eftir viðbrögðum íbúa sem nýtt verða við áframhaldandi vinnu við aðalskipulag.

Samráðsfundir með hagsmunaaðilum um sérhæfð málefni aðalskipulagsins.

*Apríl 2017* Frumdrög aðalskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu kynnt fyrir skipulagsnefnd.

### ***Tillaga að aðalskipulagi***

*Apríl – sept. 2017* Frekari mótun tillögu að aðalskipulagi. Endanleg mótun stefnu varðandi landnotkun, byggðapróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál.

Gengið frá lokatillögu aðalskipulags og umhverfisskýrslu til samþykktar í formlegt kynningar- og umsagnarferli.

*September 2017* Tillaga að aðalskipulagi, ásamt umhverfisskýrslu kynnt í skipulagsnefnd.

Íbúafundur þar sem tillaga að aðalskipulagi er kynnt ásamt forsendum hennar og umhverfisskýrslu.

*Október 2017* Tillaga að aðalskipulagi tekin fyrir á fundi af skipulagsnefndar og á fundi sveitarstjórnar þar sem tillagan er afgreidd í lögbundið auglýsingar- og kynningarferli.

Tillaga að aðalskipulagi send Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að gera athugasemdir.

*Nóv. - des. 2017* Tillaga að aðalskipulagi í lögbundnu auglýsingar- og kynningarferli.

### ***Úrvinnsla aðalskipulags***

*Janúar 2018* Tillaga að aðalskipulagi tekin aftur fyrir á fundi af skipulagsnefndar ásamt mögulegum athugasemdum og umsögum sem borist hafa.

Unnið úr umsögnum og athugasemdum.

Afgreiðsla umsagna og athugasemda.

### ***Samþykkt, afgreiðsla og staðfesting aðalskipulags***

*Mars 2018* Tillaga að aðalskipulagi samþykkt af skipulagsnefnd og sveitarstjórn.

Samþykkt aðalskipulag sent Skipulagsstofnun sem hefur allt að fjórar vikur til að staðfesta aðalskipulagið og auglýsa það í B-deild Stjórnartíðinda.